

ARKITEKTÚR

TURNHÚS Í TESSIN




Turnhúsið stendur úti í sveit og hefur því verið tyllt niður án þess að hrófla við náttúrunni.




Kannski finnst einhverjum, að þetta sé kirkja eða kapella fremur en íbúðarhús - að minnsta kosti er lítið um venjulega innanstokksmuni.

Í blöðum um byggingarlist hefur stundum á síðustu árum verið getið um svonefndan Tessinar-skóla og er hann kenndur við nokkra arkitekta, sem búa og starfa í ítalska hlutanum í Sviss, þar sem heitir Tessin í námunda við Lugano. Þar er víðast hvar undurfagurt landslag og skiptast á vötn og fjöll og allt er það með blíðu yfirbragði. Í Lugano er feykilega auðugt samfélag og hefur fjöldi auðmanna víðsvegar úr heiminum kosið að setjast þar að. Það hefur þessvegna verið talsverð eftirspurn eftir húsum, þar sem arkitektinn þarf ekki að horfa í kostnað.

Af Tessinarhúsum hefur turnhúsið, sem hér sést á myndum, vakið einna mesta athygli. Það er byggt yfir fjölskyldu, sem heitir Medici, en ekki skal því slegið föstu hér, að þar sé sama Medici-fjölskylda sem var gífurlega auðug og voldug á Ítalíu fyrr á öldum. Þó er það líklegt, en sú ættfræði er ekki á dagskrá hér. Sá sem húsið byggði heitir Ovidio Medici og er raunar arkitekt. Hann er svo hrifinn af Le Corbusier, að hann var smeykur um að húsið yrði Corbusier-stæling, ef hann teiknaði það sjálfur. Svo hann fékk frægan Tessinar-arkitekt, Mario Botta til verksins og lét hann hafa alveg frjálsar hendur. Botta teiknaði 11 metra háan turn úr hlöðnum steini og gæti hann tilsýndar minnt okkur á súrheysturn. En þegar nær kemur verður ljóst, að hér er byggt yfir eitthvað annað en súrhey. Ekki er það sízt voldug súla, sem setur svip á hann og kemur inn skarð, þar sem hringveggurinn rofnar. Í gegnum súluna er gengið eftir hringstiga uppá efri hæðirnar tvær. Stofa og eldhús eru á miðhæðinni, en svefnherbergi hjóna, barna og baðherbergi eru á efstu hæðinni. Annað sem setur sérstakan svip á turnhúsið er dálítið ris með gleri og eins og sést á einni myndinni, er svefnherbergjahæðin klofin í tvennt undir þessum þakglugga og veitir hann birtu niður á stofuhæðina.



Þessi myndarlega súla er utan um hringstiga, þar sem gengið er upp á efri hæðirnar.



Meinlætastefna. Í stofunni er ekkert á veggjum í þessu húsi, sem byggt var 1981.

Hér er voldugur glæsileiki látinn sitja í fyrirrúmi, en ekki verður sagt, að húsið sé hlýlegt eða heimilislegt. Sá grunur gæti læðst að einhverjum, að hér sé byggt til að komast í blöðin og skapa umtal og auglýsingu - sem virðist sannarlega hafa tekizt. Þótt heildarformið sé sára einfalt, er húsið í hæsta máta djarflegt og frumlegt. En að innan ríkir einskonar meinlætastefna, sem oft má sjá í blöðum um arkitektúr, þar sem fjallað er um hús arkitektanna sjálfra. Þá eru „fastir liðir eins og venjulega" líkt og sjá má hér: Annaðhvort steinsteypa eins og hún kemur úr mótunum eða máluð þannig að mótaförin sjáist. Veggirnir eru berir: þar er ekki að sjá neina tegund myndlistar. Bókahillur og annað sem venjulegt fólk setur á veggi eru ekki heldur í húsum af þessu tagi. Fátt bendir raunar til þess að þar búi lifandi fólk. Byggingin er þá orðin sérstakt fyrirbæri, einskonar „hreinn" arkitektúr, sem ekki má trufla með aðskotahlutum. Vissulega er það réttlætanlegt ef einhver vill búa á svo „spartanskan" hátt og því verður ekki neitað að hér hefur verið brotist frá þeirri vanahugsun, sem mótar skoðanir okkar á híbýlum. Medici-fólkið er líka himinlifandi með bústað sinn og það er fyrir mestu.

GS.

---

eftir mér, fór t.d. á kvöldnámskeið hjá Myndlista- og handíðaskólanum áður en ég fór í kennaranámið, en það var úti í Noregi á árunum '73—'76 sem ég fór að huga að þessu áhugamáli mínu. Maðurinn minn, Þórir S. Guðbergsson, var í námi og við bjuggum þarna ásamt börnum okkar. Mér svona hálfleiddist að vera heimavinnandi og fór því að sækja hin ýmsu námskeið, meðal annars í myndvefnaði, og hóf síðan að nema málun hjá Axel E. Johansen. Ég sótti um inngöngu í Myndlista- og handíðaskólann ári eftir að við komum heim um haustið, en var þá reyndar orðin alltof sein með umsóknina. Ég varð því afskaplega glöð þegar Einar Hákonarson hringdi og sagði að ég hefði fengið inngöngu í skólann. Kannski var það einmitt þá sem mér varð ljóst hversu mikinn áhuga ég hafði á myndlistinni.

Ég valdi málaradeildina að loknum forskóla, en á þeim árum þótti það afar púkalegt að fara í málaradeild. Enda vorum við aðeins fjórar sem það gerðum og fengum svona stundum að heyra það. Maður lærir ekkert þar, allir geta málað, var sagt. Þá var í tísku að fara í auglýsingadeild og kennaradeild, eða grafík — fá sem sagt tækni og réttindi og þar með hafa gagn af náminu. En tímarnir breytast, tveim árum eftir að við byrjuðum í málaradeildinni þá fylltist hún, en í fyrra bættist t.d. enginn nýr við í kennaradeildinni. Hvort málverkið er að komast í tísku aftur eða hvort launakjör kennara hafi hér sitt að segja er óvíst, en efnahagssveiflur hafa alltaf sín áhrif, það er þekkt fyrirbæri úr myndlistarsögunni. En við fjórar máluðum og erum enn að. Við vorum allar giftar og tvær af okkur með börn, og stundum held ég að kennurunum hafi þótt það dálítið merkilegt að kenna okkur, allavega held ég að þeir hafi verið sæmilega ánægðir með árangurinn í lokin. Ég held líka að nemendur fái meira út úr námi sínu þegar þeir hafa náð ákveðnum þroska. En Myndlista- og handíðaskólinn er mjög góður skóli og ég er víst ekki ein um þá skoðun."

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða málverk, aðallega frá síðustu tveim árum, og svo klippimyndir (collage).

„Eitt sinn stakk Bragi Ásgeirsson upp á því við okkur nemendur sína að við reyndum við klippimyndir. Hugmyndin fékk misjafnar undirtektir, en af því að ég var kannski hlýðinn nemandi tók ég þetta alvarlega. Og ég þroskaðist mikið við að gera klippimyndir. Kannski var grunnurinn þar með lagður að þeim myndum sem ég mála í dag.

Stundum legg ég svona collage-verkefni fyrir nemendur sem eru á myndlistarnámskeiðum hjá mér, og ég man þegar einn nemandi minn, sem var fóstra, stundi og sagði: Almáttugur, á maður nú að fara að klippa og líma, og ég sem er búin að gera það með börnum í tuttugu ár!

Annars sagði Bragi á sínum tíma að ég hefði valið mér erfitt myndefni að kljást við, það væri ekki auðvelt að samræma ljóðræna abstraksjon og landslag."

Í myndum Rúnu sjáum við bæði landslag og náttúru, og svo aftur hörð geómetrísk form. Fuglar, fjöll og strá sem bærast, stundum eins og séð gegnum glugga með breiðum póstum. Liturinn blár, hreinn og oft ískaldur.

Hvaðan færðu myndefnið, hugmyndirnar?

„Hugmyndirnar koma oft á næturnar ef ég ligg andvaka. Þá stekk ég stundum framúr og geri skyssu, fer jafnvel að mála. Annars er myndefnið allt í kringum mig. Sjófuglarnir hérna á Seltjarnarnesinu, fjöllin sem sjást héðan og svo gróðurinn í garðinum mínum, ég nota mörg form úr garðinum. Ég raða saman þeim formum sem mér líkar, friða hreyfingu með einlitum flötum."

En hún vill sem minnst tjá sig um myndir sínar, segir það verk annarra. „Ég öfunda ekki listgagnrýnendur að þurfa að fjalla um það í einni lítilli grein sem myndlistarmenn hafa verið að fást við og kljást við í mörg ár."

Rúna segist vinna fyrir sér með myndlistarnámskeiðum sem hún heldur á veturna, og hefur gert síðustu fjögur árin. Ekki veitir af, því efni í hverja mynd kostar mörg þúsund krónur. Og heimilið tekur sinn skerf. Fyrir þrem árum eignuðust þau hjónin sitt fjórða barn, þannig að í mörgu er að snúast á þeim bæ. En Rúna segir að þetta gangi alveg prýðilega því eiginmaðurinn tekur fullan þátt bæði í uppeldinu og heimilisstörfunum. „Án hans stuðnings hefði ég aldrei getað málað." Í sumar sem leið dvaldi hann erlendis með börnin á þriðja mánuð, svo ég gat málað allan sólarhringinn. Ég notaði því tímann vel, en fannst þetta vera hálfeinmanalegt líf án þeirra, og fábreytt þar að auki, ég lifði á tómötum og gulrótum allt sumarið."

Vinnudagurinn er oft langur hjá Rúnu. Hvernig fer hún að því að láta dæmið ganga upp?

„Ég skipulegg tíma minn vel. Hér hefur aldrei verið beðið eftir einhverjum innblæstri, maður byrjar bara að vinna. Ég viðurkenni þó að stundum hef ég þurft að reka sjálfa mig áfram ef ég er þreytt. En löngunin er svo sterk að hún yfirbugar alltaf þreytuna. Ef ég hef ekki getað málað í nokkra daga verð ég vansæl og friðlaus."

Og litli hnokkinn vappar í kringum mömmu og málverkin hennar með kubbana sína og annað hafurtask. En það truflar móðurina ekki hið minnsta. Í rauninni haggast ekki konan. Er ekki ósvipuð sínum eigin myndum, róleg en föst fyrir.